

Mál nr. 116/2011

M

og

Vátryggingafélagið v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs og slysátryggingar

Meiðsl við þátttöku í gerð sjónvarpsþáttar 04.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.03. 2011, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um greiðsluskyldu vátryggingafélagsins sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi undirritað samning við vátryggingartaka sem innihélt víðtækar ábyrgðartakmarkanir, leikreglur og hæfniskröfur. Í samningnum kom m.a. fram að M afsalaði sér öllum bótakröfum á hendur vátryggingartaka vegna meiðsla í keppninni sem fram fór. Ljóst var að þátttaka fæli í sér áhættutöku. Atvikið sem orsakað hafi meiðsl M hafi verið í snúningstæki sem hefur það að markmiði að gera þátttakendur ringlaða. Við snúnings tækisins hlaut M meiðsl sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur að skilyrði skilmála varðandi slys hafi ekki verið uppfyllt þ.e. það hafi ekki verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Sem fyrr segir varð tjónsatvik máls þessa við þátttöku M við gerð sjónvarpsþáttar. Hann hafði undirritað samning um þátttökuna sem kveður á um réttarstöðu aðila. Undirritun samningsins felur í sér verulega takmörkun á réttarstöðu þátttakenda gagnvart vátryggingartaka.

Telja verður að M hafi verið fullkunnugt um þá áhættu sem fólst í þátttöku í sjónvarpsþættinum. M hlaut, sem fyrr segir, meiðsl í einni þraut keppinnar þ.e. í snúningstæki, tæki sem gerir þátttendur ringlaða og sem fullvíst má telja að reyni mjög á líkamlegt ástand þátttakenda.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur M fyrirgert bótarétti sínum úr ábyrgðartryggingu með áhættutöku. Jafnframt er fallist á það sjónarmið vátryggingafélagsins að greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr slysátryggingu þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að um skyndilegan utanaðkomandi tjónsatburð hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.